

Háskóli Íslands

Hugmyndabanki

Í útikennslu samfélagsgreina á unglíngastigi

Sigprúður Margrét Gunnsteinsdóttir

Valdir Hildur Fransdóttir



2012

Efnisyfirlit

Til kennara	2
<i>Ferming</i>	3
Ferming – viðtal.....	4
Húsagerð í heimabyggð	8
Stríðsárin á Íslandi - Viðtal.....	12
Stríðsárin á Íslandi - tímaás á grindverk eða vegg.....	15
Umsókn um starfsleyfi stóriðju	18
Hvaðan koma vörurnar.....	23
Bregðast allir eins við?.....	26
Kortagerð.....	29
Heimildir	32

Til kennara

Þessi hugmyndabanki er hugsaður sem stuðningstæki fyrir samfélagsfræðikennara á unglíngastigi sem hafa áhuga á að færa kennslu sína út úr hinu hefðbundna umhverfi skólastofunnar og tengja nemendur við nærumhverfi sitt og samfélag. Flest verkefni krefjast þó einhverrar inniveru hvort sem það er við innlögn verkefna eða úrvinnslu þeirra.

Hugmyndabankinn er byggður upp með hliðsjón af markmiðum samfélagsfræðihluta Aðalnámskrá grunnskólanna frá árinu 2007 og markmið hugmyndabankans er að kennarar geti hér á aðgengilegan hátt fundið hugmyndir að verkefnum sem þjóna markmiðum aðalnámskrár og taka mið af því efni sem þar er. Kennsluhugmyndirnar og verkefni byggja meðal annars á kenningum um hugsmíðihyggju og fjölgreindarkenningu Gardners. Áhersla er á að fjölbreytta kennsluhætti, möguleika á sjálfstæðu námi og að hver og einn geti unnið á sínum forsendum og eftir getu.

Verkefni verða ekki sett upp sem tilbúnar kennslustundir því kennsluhugmyndirnar byggja á því að kennarar geti staðfæra verkefni að sinni heimabyggð og aðlagð þau að sinni kennslu, hvort sem vilji er til að samþætta verkefni við aðrar greinar og gera þau að stórum þemaverkefnum eða nota þau sem styttri verkefni í stökum kennslustundum.

Ferming

**„Í 8. Bekk eru flestir nemendur á fermingaraldri.
Ferming eða svipuð athöfn er og hefur verið hefð
í flestum samfélögum og láta marka skil“
(Aðalnámsskrá grunnskóla – samfélagsfræðigreinar, 2007:40).**

Ferming – viðtal

Markmið

Að nemendur:

- Þjálfist í gagnrýnni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- fá aukið sjálfstraust til þess að taka viðtöl.
- Þjálfni færni við gerð formlegra viðtala og geta unnið með þær upplýsingarnar sem aflað er.
- afli sér þekkingar á fermingunni fyrir á tímum.
- geti greint hlutverk, skyldur og þau gildi sem tengdust fermingunni áður fyrir.

Framkvæmd

Verklýsing: Fermingin á árum áður.

- a. Kennari velur kveikju að verkefninu.
- b. Kveikja getur verið myndsjóning af gömlum fermingamyndum frá ólíkum tímabilum eða stýrðar umræður með nokkrum lykilspurningum áður en haldið er af stað.
- c. Þegar stýrðar umræður eiga sér stað er mikilvægt að skrá niður allar þær hugmyndir sem upp koma. Lykilspurningar kennara geta verið;
 - Hvað dettur ykkur í hug þegar ég nefni orðið ferming?
 - Hver er munurinn á fermingum í dag og áður fyrir?
 - Hvernig haldi þið að fermingarfræðsla hafi verið áður fyrir?
 - Hvernig viðtöl hafið þið heyrt?
 - Er einhver munur þessum viðtölum?
 - Er munur á viðtölum sem við heyrum á útvarpsstöðvunum Rás 1 og á FM 957?
Hver ætli markhópur þessara útvarpsstöðva sé?
 - Hvað er gott viðtal?
 - Hvað þarf að hafa í huga þegar við tökum viðtal?
- d. Kennarinn skiptir nemendur í 2-3 manna hópa.
- e. Nemendur finna sér hentugan viðmælanda t.d ömmu, afa eða aðra ættingja. Einnig er hægt að fara á dvalarheimili aldraða og finna viðmælanda.
- f. Semja þarf spurningar sem stuðst er við og búa til grind að uppbygginu viðtals.
- g. Mikilvægt er að fjallað um muninn á opnum og lokuðum spurningum áður en viðtalið er tekið.

- h. Nemendur þurfa að vera vel undirbúnir áður en haldið er af stað. Gott er að taka viðtalið upp á upptökutæki, flestir GSM símar bjóða upp á hljóðritun á einfaldan hátt. Sé ekki hægt að taka viðtalið upp eða ef viðmælandinn kys að láta ekki hljóðrita samtalið þá þarf að hafa ritara viðstaddan til að aðstoða við skráningu viðtalsins. Fyrir þá sem ekki eru vanir að taka viðtöl getur reynst erfitt að einbeita sér að viðmælandanum, spyrja spurninga, skrifa og hlusta samtímis. Það er auðvelt að skrifa viðtalið upp eftir upptöku eftir á hættan á misskilningi og missögnum minnkar.
- i. Finna þarf tíma sem hentar til að taka viðtalið.

Dæmi um spurningar:

Var fermingarfræðsla hluti af fermingarundirbúningnum?

Hvernig fór athöfnin fram? – Finnst þér áherslurnar hafa breyst?

Hvað fékkst þú í fermingargjöf? – Hvernig var fermingarveislan?

Fannst þér fermingin vera tímamót í þínu lífi?

Breyttist eitthvað í kjölfar fermingarinnar?

Bættust við einhverjar skyldur? – Varstu spurður hvort þú vildir fermast?

Varstu farin/nn að vinna áður en þú fermdist?

Úrvinnsla

Verkefni af þessu tagi bjóða upp á fjölbreytt skilaform, í sumum tilfellum getur það borgað sig að fá nemendur með í á ákveða hvernig lokaafurð verkefnisins lítur út. Hægt er að setja saman tímarit sem inniheldur ólík viðtöl við fólk um ferminguna. Nemendur geta gert veggspjöld, skjákynningar, útlagspátt eða hvað annað sem nemendum og kennara dettur í hug. Séu nemendur hafðir með í ráðum þá eru auknar líkur á að þau skili góðu verki hafi þau áhuga á því formi sem skilað skal í.

Kennari getur þó verið búinn að biðja nemendur um að hafa nokkra útgangspunkta sem þurfa að koma fram.

- Fermingarundirbúningur.
- Réttindi og breytingar við fermingu.
- Breyting á skólagöngu.
- Munurinn á fermingagjöfum og fötum.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B.
- Kennarinn metur lokaafurð.

Minnispunktur kennara:

Húsagerð í heimabygg

**Nám í landafræði þarf að gefa nemendum tækifæri til að takast á við viðfangsefni við hæfi og er hvatt til að þeir afli sér þekkingar, skilnings og leikni með fjölbreyttum leiðum þar sem áhersla verði á verkefnavinnu og vettvangsferðir.
(Aðalnámsskrá grunnskóla – samfélagsfræðigreinar, 2007:20).**

Húsagerð í heimabyggð

Markmið

Að nemendur:

- átti sig á nærumhverfi sínu og sinni heimabyggð.
- fái tækifæri til þess að skoða bæinn sinn og byggingar hans í nýju ljósi.
- átti sig á því hvernig byggðin var við upphaf bæjarmyndunar og hvernig byggði hefur þróast.
- skoði húsagerð og þær breytingar sem hafa orðið á byggingarstíl
- skoði hvað einkennir byggingarstílinn á hverju tímabili fyrir sig
- átti sig á þeirri þróun sem varð frá gangabæjum og burstabæjum til timbur- og steinhúsa.

Framkvæmd

Verkefnaýsing: Byggingarstíll í bænum mínum.

- a. Kennari velur kveikju að verkefninu.
- b. Kveikja getur verið myndasýning af fjölbreyttum arkitektúr, allt frá steinhellum til óhefðbundna bygginga af öllum gerðum yfir í stýrða umræðu sem tekur mið af nokkrum lykilsurningum. Lykilsurningar kennara geta verið:
 - Hvað gæti aðkomufólki dottið í hug um bæinn okkar þegar þeir koma hingað í fyrsta sinn?
 - Er hægt að sjá hvaða hlutverki hús gegna með því að rýna í byggingarstíl þeirra og staðsetningu?
 - Hvað segir byggingarstíllinn í bænum okkar um samfélagið sem við búum í?
 - Er hægt að sjá hvaða atvinnugreinar einkenna samfélagið okkar út frá þeim byggingum sem þar eru?
 - Skiptir byggingarstíll yfir höfuð einhverju máli?
- c. Fjölbreytt fræðsla getur farið fram í kennslustofunni áður en nemendur eru sendir út á örkina. Gaman er að safna saman gömlum myndum af þekktum svæðum í bænum til að vekja nemendur til umhugsunar.
- d. Kennari skiptir nemendum í hópa, í þá stærð sem hann telur æskilega.
- e. Nemendur hafa meðferðis skriffæri, stílabók/blöð og myndavél sé þess kostur.

- f. Kennari úthlutar hverjum hóp ákveðið svæði til skoðunar, hver hópur fer á vettvang á sitt svæði og gerir úttekt á þeim húsum sem þar eru, hvað einkennir þau og hvaða hlutverki þau gegna í dag.
- g. Útívinna afmarkast svölítið af þeim tíma sem kennari hefur til afnota. Sé tími til getur verið gagnlegt að láta nemendur velja sér hús, taka mál, teikna upp og gera ýtarlegir úttekt á hönnunarþáttum. Þessi vinna getur svo verið samþætt við aðrar námsgreinar eins og stærðfræði, með líkanagerð og myndmennt með teikningum og myndlist. Vinna nemenda - Nemendur skoða, skrá, teikna, mynda sitt svæði. Skoða einkenni bygginga í sínu úthlutaða svæði. Stærð, byggingarefni, litir, form og annað sem vekur áhuga þeirra.

Úrvinnsla

Hægt er að loka verkefninu á fjölbreyttan hátt, eftir því hversu viðfangsmikið kennarinn vill hafa verkefnið. Mikilvægt er að nemendur og kennari ræði hvaða möguleikar eru í boði og sammælist um lokaafrakstur.

Hver hópur fær tíma aflögu til að fara yfir þau gögn sem aflað var og jafnvel sýna teikningar, myndir og annað sem vakti áhuga þeirra. Kennari getur svo stýrt umræðum sem taka mið af þeim lykilspurningum sem lagt var upp með í upphafi og reynt að fá nemendur til að leggja mat sitt á málefnið með hliðsjón af þeim gögnum sem þau öfluðu á vettvangi.

Úrvinnsla verkefnis fer eftir þeim tíma sem kennari hefur til umræða.

- **Styttri verkefni:** Kennari lýkur úrvinnslu með nemendum með stýrðum umræðum, ákveðnir punktar til hliðsónar sem leitast er við að svara. Umræður geta farið fram utandyra sé veður gott. Hóparnir vinna saman að gerð veggspjalds eða bæklinga með upplýsingum og myndum sem aflað var.
- **Lengri verkefni:** Nemendur koma með gögn og annað efni inn í skólastofuna og vinna ólík verkefni í samráði við kennara.
 - Nemendur fara í heimsókn á safn/bókasafn/bæjartæknifræðings. Afla sér upplýsinga um valið hús. Nemendur skoða sögu hússins, byggingarár, byggingarstíl, finna út hver hannaði húsið og taka saman aðrar aðgengilegar upplýsingar.
 - Nemendur vinna veggspjald með upplýsingar um svæðið, taka saman einkenni þess, fara yfir þá þætti sem svæðið hefur uppá að bjóða og

koma með nýjar tillögur að endurskipulagningu svæðisins og hvað hægt sé að gera til að gera svæðið aðgengilegra almenningi.

- Nemendur búa til skjákynningu og flytja erindi um svæðið, sýna myndir og segja frá svæðinu. Nemendur geta valið áherslur í samráði við kennara og einbeitt sér að því að kynna þær fyrir nemendum. Kynna nýjar hugmyndir að notkun svæðisins, hvernig er hæg að gera það betra eða fara yfir sögu þeirra húsa sem þar eru.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B.
- Kennarinn metur lokaafurð.

Minnispunktur kennara:

Stríðsárin á Íslandi

**„Seinni heimstyrjöldin var afdrifarík hér á landi sem annars
Staðar og nærtækt að fjalla um ólíka þætti hennar“
(Aðalnámskrá grunnskóla – samfélagsfræði, 2007:43).**

Stríðsárin á Íslandi - Viðtal

Markmið

Að nemendur:

- öðlist þekkingu á hernámi Íslands, áhrifum þess á heimabyggð sína.
- öðlist þekkingu á ólíkum skoðunum og viðhorfum Íslendinga til stríðsins.
- öðlist þjálfun í að spyrja hnitmiðaðra spurninga.
- þjálfist í munnlegri tjáningu og í að taka virkan þátt í umræðum.
- vinni verkefni í samvinnu við aðra og taki ákvarðanir með öðrum.
- virði ólík sjónarmið og rétt hvers manns til að hafa sjálfstæða skoðun.

Framkvæmd

Verkefnalýsing: Áhrif stríðsáranna

- a. Kennari velur kveikju að verkefninu.
- b. Kennarinn getur verið verið allt frá myndýningu, myndbandsbrotum eða umræðuspurningar yfir í stýrða umræðu sem tekur mið af nokkrum lykilspurningum. Lykilspurningar kennara geta verið;
 - Þekki þið einhvern sem var unglingur á stríðs árunum?
 - Hvaða áhrif haldi þið að stríðið hafa haft á þróun í okkar heimabæ?
 - Voru hermenn á svæðinu?
 - Hvernig haldi þið að það hafi verið að vera á unglingur á þessum tíma?
 - Hvaða starfsemi byggist upp í kringum stríðsrekstur og hvar var hann?
 - Sjáum við merki þessa tíma enn þann dag í dag?
- c. Kennarinn skiptir nemendum í 2 - 3 manna hópa.
- d. Nemendur eiga að taka viðtal við einhvern sem var uppi á hernámstímanum og man eftir veru hermanna hér á landi. Nemendur ráða við hvern þeir tala, ömmu, afa, frænda eða einhvern af dvalarheimili aldraða í heimabænum.
- e. Nemendur þurfa að íhuga vel hvaða upplýsingum þeir sækjast eftir og um hvað viðtalið eigi að vera. Skrifa hugmyndina niður á blað og semja svo spurningarnar.
- f. Kennarinn þarf að fara yfir með nemendur muninn á opnum og lokuðum spurningum. Gott getur verið að byrja á að spyrja um fæðingar ár, hvar viðkomandi hafi búið á

Þessum tíma og koma síðan með opnari spurningar þar sem viðmælandinn lýsir t.d reynslu sinni og skoðun.

- g. Nemendur taka viðtalið upp á upptökutæki, því fyrir þá sem ekki eru vanir að taka viðtöl getur reynst erfitt að skrifa og hlusta samtímis. Þá er auðvelt að skrifa viðtalið eftir á og minni hætta á misskilningi og missögnum.

Úrvinnsla

Viðtöl bjóða upp á fjölbreytta úrvinnslu. Gott er að ræða við nemendur um það hvernig skila eigi verkefninu. Séu nemendur hafðir með í ráðum eru auknar líkur á því að þeir skili vönduðu verki.

Úrvinnsla verkefnis getur verið fjölbreytt. Nemendur geta gert;

- veggspjald með þeim upplýsingum þeir öfluðu í viðtalinu.
- glærusýningu með myndum og upplýsingum úr viðtalinu.
- leikþátt með atburðum sem komu fram í viðtalinu og sett upp kvöldsKemmtun þar sem foreldrum, ættingjum, viðmælendum og öðrum er boðið að koma og sjá afrakstur vinnunar.
- tímarit með fjölbreyttum greinum og viðtölum sem nemendur hafa aflað og sett upp. Nemendur geta þá gert tímaritið aðgengilegt á bókasöfnum og öðrum opinberum stöðum í bæjarfélaginu.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B. Sjálfsmat getur verið í formi dagbókar eða hljóðbókar.
- Kennarinn metur lokaafurð.

Minnispunktur kennara:

Stríðsárin á Íslandi - tímaás á grindverk eða vegg

Markmið

Að nemendur:

- Þjálfist í að greina aðalatriði frá aukaatriðum og skoðanir frá staðreyndum.
- geri sér grein fyrir gildi og afstæði sögulegrar frásagnar og skýringa.
- afli sér upplýsinga úr rituðum heimildum t.d bókum, tímaritum, dagblöðum.
- setji sjálfan sig í samhengi sögunnar, sem þátttakandi og skoðandi.
- þekki atburðarás stríðsáranna í stóum dráttum.

Framkvæmd

Verkenalýsing:

- Kennarinn þarf að vera búin að fá leyfi til að gera tímaásinn á grindverk eða á einhvern vegg á skólalóðinni eða í bæjarfélaginu. Einnig þarf kennarinn að vera búin að finna til málningu og pensla. Tímaásinn er málaður á grindverkið/vegginn af nemendum og verður einskonar listaverk sem íbúar bæjarins/ hverfisins geta skoðað.
- Tímaásinn er tvískiptur, neðri hlutinn er fyrir einstaka atburðir en fyrir ofan sjálfan ásinn eru langvarandi aðstæður, persónur o.fl. Þarna er ekki endilega það merkilegasta í sögunni, sem allir þurfa að vita og muna, heldur eru þetta atriði sem fjallað er um í bókinni Stríðsárin á Íslandi og eiga að hjálpa nemendum að muna atburðarásina.
- Þetta verkefni er hægt að vinna sem einstaklings og hópaverkefni þá í 2 - 3 manna hópum.
- Það fer eftir stærð bekkjarins hvernig kennarinn úthlutar tímabilum. Hægt er að úthluta eftir mánuðum eða ári.
- Hver hópur/nemandi skoðar sitt tímabil og skrifa hjá sér það sem hann telur mikilvægast.
- Ef viðtal hefur verið tekið við einhvern sem var fæddur fyrir stríðsárin er sniðugt að setja þau ártöl inn á ásinn og tengja nafn viðmælanda við atburðinn.
- Hægt er að klára verkefnið á stuttum tíma eða taka einn kafla fyrir í einu og fylla inn á ásinn við lok hvers kafla.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B.
- Kennarinn metur lokaafurð. Sjá matsblað um virkni nemanda sjá fylgiskjal C.

Minnispunktur kennara:

Umsókn um starfleyfi stóriðju

**„Nemendur læri að vega og meta kosti og galla við hugsanlegar
Stórframkvæmdir og fjalli um tengsl orkulinda og staðsetningu stóriðju
(Aðalnámskrá grunnskóla – samfélagsfræði, 2007;50).**

Umsókn um starfsleyfi stóriðju

Markmið

Að nemendur:

- Kynnist því ferli sem sambærileg umsókn fer í gegnum
- Átti sig á þeim þáttum sem hafa þarf í huga við stóra ákvörðun af þessu tagi
- Þjálfist í meðferð flóknari mála
- Þjálfist í að færa rök fyrir máli sínu
- Þjálfist í að styðja mál sitt með með heimildum og rökum
- Átti sig á hlutverki stjórnsýslunnar í skipulagsmálum

Framkvæmd

Verkefnalýsing:

- a. Í upphafi er gott að kennari sé búinn að skoða umhverfi sitt og meta hvaða stóriðja gæti mögulega sótt um lóð í heimabænum. (Olía, fiskur, álver o.fl).
- b. gott að vera búin að fara á bæjarskrifstofuna, skoða skipurit bæarins og sjá hvaða nefndir og ráð hafa umsjón með málefnum af þessu tagi. Oft má finna upplýsingar á heimasíðum sveitafélaga.
- c. Einnig getur verið gagnlegt að ræða við bæjartæknifræðing eða einhvern sem væri tilbúinn til þess að taka á móti nemendum í gagnaleiðangri. Viðkomandi væri þá tilbúinn til að fara með hópinn um bæjarskrifstofurnar, segir aðeins frá þeirri starfsemi sem þar er og fer yfir það ferli sem mál af þessu tagi fær ef það kæmi upp í sveitafélaginu.
- d. Mikilvægt er að kennari útvegi kort af bænum áður en nemendur eru sendir af stað.
- e. Kennari getur opnað verkefnið á marga vegu, hægt er að skoða fjölmiðla ef sambærileg mál eru í umfjöllun, koma með sendibréf til nemenda frá stjórn fyrirtækisins sem biður þá að aðstoða sig við að finna fyrirtækinu lóð o.fl.
- f. Upphaf verkefnisins fælist í umræðum eða fundi þar sem allir ræða beðni fyrirtækisins, starfsemi þess og þá þætti sem hafa þarf í huga. Hugstormun er góð leið til að setja allar hugmyndir á blað. Að henni lokinni þarf svo að flokka allar hugmyndirnar og setja á laggirnar vinnunefndir sem taka að sér að kanna ákveðin málefni eins og mögulegar staðsetningar, gatnagerð, byggingarstíl, mengun og mengunarvarnir, þarfagreiningu fyrirtækisins, samvinna og tengingar við önnur

fyrirtæki á svæðinu, áhrif veðurfars á starfsemina og margt annað sem upp gæti komið í umræðum um starfsemina.

- g. Kennari skiptir nemendum í hópa/nefndir sem hafa yfirumsjón með ákveðnum verkefnum eða eiga að skoða ákveðna málaflokka. Hugmyndir að nefndum:
- Atvinnumálnefnd: Starfar að atvinnu- og ferðamálum. Nefndin vinnur að eflingu atvinnulífs og aukningu á samkeppnishæfni þess. Hlutverk nefndarinnar er einnig að stuðla að samstarfi fyrirtækja á svæðinu og nýta tengsl við hagsmunasamtök í atvinnu- og ferðamálum.
 - Umhverfisnefnd: Starfar að umhverfis- og mengunarmálum. Nefndin vinnur að því að gera umhverfi bæjarins snyrtilegt, skipulagningar almenningsgarða og útvistarsvæða, stuðlar að meðvitaðri umræðu um umhverfismálum og gætir þess að framkvæmdir fari ekki á skjön við stefnu bæjarbúa um fallegan og hreinan bæ. Umhverfisnefnd ber að hafa eftirlit með því að byggt sé í samræmi við gildandi skipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.
 - Skipulagsmálnefnd: Hlutverk nefndarinnar er að vera til ráðgjafar í skipulagsmálum, gatna- og holræsagerð, umferðamálum, og sveitarfélagsins og varðandi brunavarnir og rekstur slökkviliðs. Nefndin fjallar um byggingarleyfisumsóknir sem berast og ályktar um úrlausn þeirra.
- h. Þær nefndir sem kennari ákveður að setja á laggirnar verða svo að fá afmörkuð verkefni. Til dæmis gæti *Atvinnumálanefnd* fengið það verkefni að skoða umsókn fyrirtækisins, sjá hvaða fyrirtæki í bænum gætir tengst rekstri af þessu tagi. Skoða hvaða starfsemi vantar í bæinn til að þjónusta stórfyrirtæki af þessu tagi. Hvaða hagsmunir eru af því að fá stórfyrirtækið í bæinn og hvaða gallar hefur koma þess í för með sér fyrir bæjarfélagið. *Umhverfisnefnd* gæti átt að finna nokkrar byggingalóðir fyrir fyrirtækið, hvar er best að setja starfsemina niður innan bæjarfélagsins og í samvinnu við *Skipulagsmálanefnd* þarf að skoða breytingar á gatnamálum, bílastæðamálum og öðru sem snýr að byggingu stóriðjunnar.
- i. Þegar þessar nefndir hafa skoðað málin sem þau hafa yfir umsjón með þá er tilvalið að hafa þing/fund þar sem hver nefnd fer yfir þá þætti sem nefndin hefur fjallað um. Hver og ein nefnd fer yfir þá kosti og galla sem upp komu.
- j. Þingið tekur svo afstöðu til þeirra mála sem rædd eru, hægt er að láta hópinn rétta upp hönd og kjósa um þau mál þar sem meirihlutinn ræður.

Úrvinnsla

Nú hefur þingið komist að niðurstöðu um umsókn stóriðjunnar um starfs- og byggingarleyfi í bænum. Nemendur geta þá unnið að veggspjöldum eða öðru kynningarefni sem fer yfir þá niðurstöðu sem sæst var á. Þingið sjálf getur verið lokaafurð verkefnisins en samþætting við aðrar greinar býður upp á að tengja verkefnið inn á önnur svið eins og stærðfræði, þar sem nemendur reikna út hvað byggingin þurfi marga fermetra í bílastæði eða byggingar, gera líkan eða teikningar af svæðinu í réttum hlutföllum. Í myndmennt gætu nemendur hannað útlit stóriðjunnar og í hönnun gætu nemendur efnt til hugmyndasamkeppni um vörumerki/lógó fyrirtækisins. Í þessum málum eru nánast engin takmörk nema tíminn sem kennarinn hefur til umráða.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B
- Kennarinn metur lokaafurð. Sjá fylgiskjal um kennaramat.

Minnispunktur kennara:

Hvaðan koma vörurnar

„Nemandi beri saman inn – og útflutningsvörur annars vegar
Í iðnríkjum og hins vegar í þróunarríkjum“
(Aðalnámskrá grunnskóla – samfélagsfræði, 2007;50).

Hvaðan koma vörurnar

Markmið

Að nemendur:

- geti aðgreint hvaðan vörur koma. Eru þær frá iðnríkum eða þróunarríkum.
- skilji að við Íslendingar getum ekki framleitt allt sem við teljum okkur þurfa að nota.
- skilji að viðskipti á milli landa geta verið vöruskipti.
- átti sig á mun á íslenskri og erlendri framleiðslu.
- leiði hugann að þeirri leið sem vara fer frá framleiðanda til verslunar.

Framkvæmd

Verkefnalýsing:

- Kennarinn velur sér kveikju sem getur verið myndasýning af hinum ýmsu vörum sem við notum dags daglega. Einnig getur kennarinn komið með umræðu spurningar um hvaðan hinar ýmsu vörur koma t.d hvaðan eru fötin sem við erum í eða hvaðan ýmsir hlutir koma sem eru í skólastofunni.
- Kennarinn skiptir nemendum í 2 -3 manna hópa sem munu vinna saman á vettvangi.
- Nemendur fara í hinar ýmsu verslanir (sem eru í þínum heimabæ) og finna allt að 10 - 15 vörur sem eru frá iðnríkum og þróunarríkum. Nemendur þurfa að hafa meðferðis glósubók, skriffæri og myndavél ef hægt er.

Úrvinnsla

- Nemendur fara á stúfana og skoða vöruúrval í bænum, kennari getur afmarkað vinnu nemenda og sett þeim fjöldaafmarkanir eins og að nemendur eiga að skoða 5 vörur úr 3 verslunum á svæðinu eða hver hópur fær vöruflokk eins og matvara, snirtivörur, hreynlætisvörur, byggingarvörur, rafmagnstæki ofl. Allri reyna að finna vörur sem framleiddar eru í ólíkum löndum.
- Nemendur velja sér vöru og skrá upplýsingar um vöruna. Heiti hennar, framleiðanda, verð og framleiðsluland. Gaman er að taka mynd er möguleikinn er fyrir hendi.
- Að lokinni vettvagnsferð fara nemendur á skólabókasafninu eða á veraldarvefnum og afla sér upplýsinga um vöruna og það framleiðsluland sem hún kemur frá.
- Nemendur skrá niður og útbúa veggspjald með myndum og upplýsingum um vörurnar og þau lönd sem framleiða hana. Gaman getur verið að skoða vegalengdina sem varan hefur farið frá framleiðanda og hvernig ætli varan hafi verið send, flug, lest, bátur.

Einnig er hægt að skoða hvort við Íslendingar gætum stundað vöruskipti við eitthvert af þessum löndum.

- e. Veggspjöld eru þægilegur máti til að skila verkefni af þessu tagi. Þau er hægt að gera á fjölbreyttan hátt, einnig er hægt að skoða þann möguleika að allir geri saman eitt stórt heimskort þar sem hver og einn hópur setur inn sínar vörur inn á það land sem framleiðir hana og tengir ferðalag vörunar inn á kortið. Einnig getur hver hópur fyrir sig gert veggspjald með sinni vinnu. Á veggspjöldin er svo hægt að setja upplýsingarnar upp á myndrænan hátt í sílu- eða kökurit með öllum vörunum og hvaðan þær kom.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B
- Kennarinn metur lokaafurð og virkni nemenda. Sjá fylgiskjal C.

Minnispunktar kennara:

Bregðast allir eins við?

„Nemandi hugleiði hver hann er í augum sjálfs sín og annarra.
Velti fyrir sér kostum og göllum þess að vera *eins og hinir*“
(Aðalnámskrá grunnskóla – samfélagsfræði, 2007;52).

Bregðast allir eins við?

Markmið

Að nemendur:

- víkki sjóndeildahringinn sinn og skilji að við erum ekki eins í augum allra.
- velti fyrir sér ólíkum viðbrögðum fólks við því sem fellur ekki inn í umhverfið.
- setji sig spor annarra og átti sig á ólíkum viðhorfum.
- upplifi framandi aðstæður sem þeir annars upplifa ekki.

Framkvæmd

- a. Kennarinn velur kveikju sem geta verið umræðu spurningar. Dæmi um spurningar: Hvernig myndir þú bregðast við ef þú myndir sjá fjölskyldur borða hádegismatinn á bílastæði skólans? En á miðri umferðareyju? Hvað myndir þú gera í þannig aðstöðu?
- b. Þetta verkefni er um viðbrögð fólks á því sem ekki fellur inn í umhverfið.
- c. Nemendur búa til ákveðnar aðstæður og kanna viðbrögð annarra/vegfarenda.
- d. Nemendur velja fjölfarinn stað, fara með útileguborð og dúk, leggja á borð á þar sem von er á fólki, setjast að borði, spjalla saman og borða nesti.
- e. Nemendur fylgjast með ólíkum viðbrögðum vegfarenda, skrá hjá sér og taka gjörninginn jafnvel upp á upptökuvél.
- f. Kennari aðstoðar nemendur við að skipta niður í hlutverk, 4 – 6 nemendur til að sitja við borðið og spjalla og borða nesti. Einn ritara þarf í hópinn til að skrifa niður viðbrögð fólks og einnig ef einhver stoppar og fer að spyrja spurninga um hvað sé verið að gera. Gott er að hafa 2 – 3 nemendur til að sjá um upptökuna. Allir hjálpast að við að útvega fylgihluti eins og borð, stóla, dúk, blóm í vasa, diska.
- g. Næst þarf að finna góðan stað í bæjarfélaginu þar sem von er á fólki t.d á bílastæði við verslunarkjarna bæjarins, fyrir framan banka, pósthús, sjúkrahús eða pósthús. Þó verður að vera hægt að koma upptökuvél fyrir svo lítið beri á. Þá er bara að hefjast handar og byrja leikinn. Þetta verkefni ætti ekki að þurfa meira en eina og hálf klukkustund á vettvangi með því að stilla upp og ganga frá.
- h. Í raun er hægt að setja fjölmargar aðstæður á svið, ef nemendur vilja ekki borða nesti þá er hægt að klæða sig upp sem dökklæddir unglingar með hettur eða sem snyrtilegar stelpur og meta muninn á viðbrögðum fólks. Þetta er allt hægt að ræða áður en farið er af stað og oft eru hugmyndir nemenda betri en þær sem kennarinn kemur með.

Úrvinnsla

Þegar vettvangsvinnan er búin koma nemendur saman í skólastofunni og horfa á upptökuna og ræða um misjöfn viðbrögð fólks.

- Hvernig upplifðu nemendur aðstæðurnar?
- Hvað stoppuðu margir og spurðu spurninga?
- Um hvað var þá spurt?
- Bregðast allir eins við?
- Eru einhverjir sem sýna engin viðbrögð eða forðast að ná augnsambandi?

Ekki er ávalt nauðsynlegt að skila verkefnum skriflega eða ljúka þeim með formlegu verkefni. Í þessu tilfalli er yfirferðin og umræðan alveg næg afurð ein og sér.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat og sjálfsmat. Sjá fylgiskjöl A og B.
- Kennarinn metur umræður og virkni nemenda. Sjá fylgiskjal C. Kennari fylgist með vinnubrögum nemenda og virkni, síðast en ekki síst metur kennari umræður og með því er hægt að meta hvort markmiðum hafi verið náð. Matið verður því að vissu marki huglægt en ekki hlutlægt.

Minnispunktur kennara:

Kortagerð

„Að nemandi þekki helstu gerðir korta, kunni að reikna fjarlægðir út frá mælikvarða korts og þekki muninn á stórum og litlum mælikvarða á korti“
(Aðalnámskrá grunnskóla – samfélagsfræði)

Kortagerð

Markmið

Að nemendur.

- geti kortlagt nærumhverfið sitt.
- auki skilning sinn á kortum og kortagerð.
- skilji helstu tákni, liti, letur á landakortum og geti lesið úr þeim.
- átti sig á mælikvörðum í kortum og geti umbreytt þeim.

Framkvæmd

Verkefnanalýsing:

- a. Kennarinn opnar umræður um kort og kortagerð. Sýnir nemendum myndir af mörgum gerðum af kortum t.d loftmyndir, gervihnattakort, heimskort á „hvolfi“, götukort og gömul landakort. Auðvelt er að nálgast flestar gerðir korta á netinu til dæmis með því að nota leitarvélina *www.google.com* með leitarorðinu „*maps*“. Einnig má finna slík kort í ýmsum bókum og mörgum í kennslustofum. Kennari spyr nemendur spurninga til að opna umræður um kortagerð:
 - Vitið þið hvernig kort eru búin til?
 - Hvaða upplýsingar þurfa að vera fyrir hendi þegar kort eru gerð?
 - Hvernig eru upplýsingarnar notaðar?
 - eru til ólíkar gerðir kort? (*Vegakort, bæjarkort, þjónustukort, gróðurkort o.fl.*).
- b. Kennarinn sýnir nemendum þau áhöld sem þarf til að búa til kort, áttaviti er skoðaður ásamt gráðuboga og skýrt fyrir nemendum hvernig þessir tveir hlutir vinna saman. Hafa þarf í huga að oft eru hlutir inn í skólastofunni sem geta ruglað segulsvið áttavitans. Einnig útskýrir kennarinn hvernig við getum minnkað svæðið sem á að kortleggja til að koma því að blað t.d svæðið sem á að kortleggja er 40x40 m. Pappírinn sem við notum er 20x20 cm. Það þarf því að umbreyta metrunum yfir í sentímetra. Það er gert með því að margfalda fyrst 40x100 sem gerir 4000 og deila síðan 4000 cm. með 20 en það gefur 200 cm. Þá er ljóst að 200 cm. á jörðinni (eða 2 m.) jafngilda 1 cm. á blaðinu, eða eins og stendur á kortum 1:200 (einn á mótí tvö hundruð).
- c. Kennarinn og nemendur finna síðan í sameiningu svæði í nær umhverfinu sem gaman gæti verið að kortleggja.

- d. Nemendur vinna saman í þriggja til fjögurra manna hópum, gæta þarf þess að allir taki virkan þátt í kortagerðinni.
- e. Þegar nemendur hafa valið sér svæði eiga þeir að finna miðju svæðisins sem á að kortleggja og merkja hana með steini, spýtu eða einhverju góðum hlut. Miðjan er notuð sem útgangspunktur og er mælt út frá henni. Nemendur verða að muna að finna einnig miðjuna á blaðinu og merkja . Næst er staðið hjá steininum og fundin höfuðáttin norður með áttavitanum. Dregin er lína með reglustiku frá miðju blaðsins í þá átt sem vísar í norður. Nemendur nota svo áttavita og gráðuboga til að staðsetja hluti sem eru á kortinu t.d fótboltamark þá á nemandinn að standa á útgangspunktinum og beina áttavitanum að markinu, lesa af áttavitanum að markið er magar gráður frá norðri. Síðan þarf að færa þetta yfir á blaðið með gráðuboganum. Þannig eru staða allra hluta sem eiga að vera á kortinu fundnir.

Úrvinnsla

- a. Þegar nemendur eru búnir að færa alla hluti inn á kort er haldið inn í skólastofuna og kortið teiknað upp af meiri nákvæmni og litað. Ekki má gleyma að setja hlutföllin inn á kortið sem fundin voru í upphafi.
- b. Nemendur búa til merkingar og skilgreina litina á kortinu.
- c. Nemendur ræða svo um kortin sín við samnemendur og hvort upp hafi komið einhver vandamál við notkun áttavitans eða aðra þætti kortagerðarinnar.

Námsmat

- Nemendur fylla út hópamat. Sjá fylgiskjal A.
- Kennarinn metur lokaafurð og virkni nemenda. Sjá fylgiskjal C.

Minnispunktur kennara:

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. (2007). *Samfélagsfræði*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. Sótt 12. mars 2012 af:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>